

Fundargerð háskólaráðs
367. fundur daginn fimmtudaginn 17. desember 2015
Borgir 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Elvar Jónsson, varafulltrúi menntamálaráðherra, í síma
Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson, fulltrúi háskólasamfélagsins
Grímur Rúnar Lárusson, varafulltrúi nemenda
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs, í síma
Svanfríður Inga Jónasdóttir, fulltrúi háskólaráðs

Forföll:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen, verkefnastjóri á skrifstofu rektors
Ólafur Halldórsson, framkvæmdastjóri

Gestir:

Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og félagsvísindasviðs
Bragi Guðmundsson, prófessor, formaður kennaradeildar

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar, mál til kynningar

1507011

Fundargerð 366. fundar lögð fram til samþykktar.

Engar athugasemdir gerðar við fundargerð og hún samþykkt.

2. Rekstraryfirlit 2015 – Rekstraráætlun 2016

Ólafur Halldórsson kom á fundinn og kynnti rekstraryfirlit janúar til nóvember 2015. Skólinn líklega rekinn innan marka eins og áætlunin var fyrir árið 2015 - fyrir utan launahækkanir, sem gert er ráð fyrir að stjórnvöld bæti

skólanum, bæði hvað varðar 2015 og 2016, en ekki enn vitað hvernig. Óvissa í rekstri vegna kjarasamninga og launahækkana.

Ólafur Halldórsson lagði fram drög að rekstraráætlun 2016 og kynnti. Forsendur áætlunar mjög svipaðar og 2015 og er niðurstaða fyrstu draga tap upp á 101 milljónir, miðað við framlag ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpi (fyrsta útgáfa frumvarpsins). Hinsvegar er vitað að skólinn fær 30 milljóna aukaframlag vegna launahækkana (v/2015) og að auki 30 milljónir aukaframlag fyrir óvæntum kostnaði (v/2015). Samkvæmt breytingu á fjárlagafrumvarpi munu aðrar 30 milljónir koma v/2016 og 65 milljóna viðbótarframlag (40 milljónir af því er viðbótarframlag v/endurnýjunar á búnaði og tækni, tímabundin fjárveiting, 25 milljónir eru ekki tímabundnar (tölvunarfræði í samstarfi við HR)) - síðan koma að auki 36 milljónir v/launahækkana. Miðað við þetta ættu drögin að rekstraráætlun fyrir 2016 að geta gengið upp.

Stóra málið er að ef nýju lögin um fjárreiður ríkisins verða samþykkt (3-5 ára áætlanir ríkisstofnana) þá er hættu á að skólinn festist inni í þeim ramma sem hann er í núna næstu árin, sem þýðir að reksturinn verður áfram í járnum og uppbygging verður erfið, aðeins hægt að reyna að halda í horfinu.

Ályktun háskólafundar v/rekstrar skólans: Skorað á háskólaráð að mótmæla þessari stöðu Háskólans á Akureyri. (sbr. v/skiptingar á 617 m aukaframlagi til háskólastigsins haustið 2014, þar sem HA var algjörlega skilinn eftir).

Ályktun háskólaráðs:

„Háskólaráð Háskólans á Akureyri ályktar um að ekki hafi verið bættur að fullu sá kostnaðarauki vegna launahækkana sem orðið hafa á árinu. Háskólaráð treystir því að þessi kostnaður fái leiðréttur svo unnt verði að reka starfsemina óbreytta á næsta ári.“

3. Breyting á skipan framkvæmdastjórnar

Rektor kynnti tillögu sína að breytingu á skipan framkvæmdastjórnar, þ.e. að 6. gr. reglna um HA verði breytt á þá leið að fjármálastjóri og gæðastjóri sitji fundi framkvæmdastjórnar, með málfrelsi og tillögurétt.

Umræður sköpuðust um tillöguna og mismunandi sjónarmið komu fram, með og á móti. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru að þessir málaflokkar séu það mikilvægir að mikilvægt sé að þessir aðilar sitji fundi framkvæmdastjórnar og þessir málaflokkar þurfi að vera hluti af öllum ákvörðunum framkvæmdastjórnar.

Atkvæðagreiðsla:

6 greiða atkvæði með tillögunni.

1 situr hjá.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum.

4. Rannsóknamisseri 2016-2017

1512015

Rektor kynnti tillögur rannsóknamisserisnefndar að úthlutun rannsóknamissera fyrir skólaárið 2016-2017, sem einnig voru kynntar á síðasta fundi háskólaráðs.

Háskólaráð samþykkir tillögu rannsóknamisserisnefndar, að því gefnu að sviðsforsetar samþykki að unnt sé að veita viðkomandi starfsmönnum leyfi út frá kennslu á sviðunum.

Tillaga rektors um að nýta 4.gr. um að heimila að doktorsnemar, sem eru starfsmenn við skólann, geti sótt um rannsóknaleyfi til að ljúka doktorsnámi. Fjöldi doktorsmenntaðra við skólann mun verða ein af þeim lykiltölum sem skólinn verður metinn út frá á næstu árum. Mikilvægt fyrir skólann að styðja betur við þessa aðila til að fjölga doktorsmenntuðum starfsmönnum. Rektor óskar eftir samþykki háskólaráðs til að beita þessari 4. gr og leggja til og auglýsa það sérstaklega svo doktorsnemar (1 af hverju sviði) geti sótt um leyfi. Háskólaráð samþykkir að rektor haldi áfram með þetta mál.

5. Stefnumótun – staða og næstu skref

Rektor gerði grein fyrir stöðu mála í vinnu við stefnumótun Háskólans á Akureyri í samvinnu við Capacent.

Rektor leggur til að skipaður verði ytri hópur til samráðs vegna stefnumótunar:

aðstoðaskólameistari VMA

Skólameistari MA,

forstjóri KEA,

forstjóri samtaka atvinnurekenda á Akureyri,

formaður Góðvina HA,

Lára Stefánsdóttir??

forstöðumaður Háskólaseturs Vestfjarða

og forstöðumenn símenntunarmiðstöðva í landshlutum

fleiri aðilar?

Háskólaráð samþykkir að þessi hópur verði skipaður.

6. Íþróttافرæði við Háskólann á Akureyri - kynning

1409007

Bragi Guðmundsson, prófessor og formaður kennaradeildar kom á fundinn og kynnti tillögu að fyrirhuguðu námi í íþróttافرæði við Háskólann á Akureyri og í samhengi við það nýtt skipulag fimm ára kennaranáms við kennaradeild HA.

7. Fundir háskólaráðs á vorönn 2016

Frestað.

8. Önnur mál

- Ráðning forseta heilbrigðisvísindasviðs

Einn umsækjandi: Eydís Kristín Sveinbjarnardóttir. Skv. reglum um HA á rektor að hafa samráð við háskólaráð um ráðninguna. Háskólaráð samþykkir að rektor bjóði Eydísi stöðuna.

- Forseti hug- og félagsvísindasviðs

Auglýsing eftir nýjum forseta hug- og félagsvísindasviðs lögð fram til kynningar. Verður auglýst í janúar.

- Skýrsla viðskiptaráðs um fækkun ríkisstofnana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.